

Alþingi - Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 27. nóvember 2009
Tilvísun: UST20091100151/sá

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 200. mál

Með tölvubréfi dags. 27. nóvember 2009 sendi umhverfisnefnd Alþingis Umhverfisstofnun til umsagnar tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 200. mál.

Umhverfisstofnun hefur í fyrri umsögnum sínum um náttúruverndaráætlun gert stuttlega grein fyrir hlutverki sínu við undirbúning friðlýsinga. Umhverfisstofnun vinnur nú að frekari þróun málsmeðferðar við undirbúning friðlýsingar. Sú nýbreytni hefur verið tekin upp að auglýsa drög að friðlýsingarskilmálum opinberlega og gefa kost á að senda athugasemdir til stofnunarinnar. Hefur þetta mælst vel fyrir. Í þessu sambandi má benda á að í nýjum norskum lögum um fjölbreytileika náttúrunnar er kveðið á um slíka auglýsingaskyldu. Má einnig benda á að í finnskum lögum er kveðið á um kynningu tillögu að náttúruverndaráætlun. Umhverfisstofnun telur að samráð við almenning og hagsmunaaðila sé mikilvægur þáttur í undirbúningi aðgerða í náttúruvernd og mun leggja áherslu á þann þátt við nánari útfærslu á verkferli við undirbúning friðlýsingar.

Virðingarfyllst

Sigrún Agústsdóttir